

Skólanámskrá 1. bekkjar haustið 2011

Námsgrein: Íslenska

Lestur.

Markmið að nemendur:
Kynnist rími, orðum og setningum
Hafi greiðan aðgang að fjölbreyttum bókum
Fái tækifæri til að lesa bækur við hæfi
Læri alla bókstafina og nái að byrja að lesa
Vinni fjölbreytt verkefni við hæfi sem örva þá til lestrar

Skrift, ritun og málfræði.

Markmið að nemendur:
Haldi rétt á skriffærunum og dragi rétt til stafs
Þekki skriftaráttina
Hafi tækifæri til að skrifa eigin texta sjálfir eða með aðstoð
Semji sögur og/ljóð og skrifi sjálfir eða með aðstoð
Læri merkingu og mismun hugtakanna bókstafur, hljóð, orð og setning

Talað mál og framsögn.

Markmið að nemendur:
Læri reglur og að fara eftir þeim, sem gilda þegar margir þurfa að tala í einu
Tjái sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum
Segi frá eigin reynslu
Endursegi og/eða lesi eigin sögur og ljóð
Geti rætt við bekkjarfélagana og aðra t.d. þegar upp koma vandamál og finni sameiginlegar lausnir

Námsgögn.

Ýmsar lestrar- og skriftarbækur, sögubækur, spil, heimalestrarbækur, ýmis verkefni frá kennurum.

Kennslutilhögun.

Byrjendalæsi, umræður, einstaklings-, hóp- og paravinna.

Námsmat.

Stafakönnun, hraðlestrar- og lesskilningspróf, Læsi og skriftarkönnun.

Skólanámskrá í stærðfræði

Markmið að nemendur:

Vinni með tölur upp í 100
Leysi viðfangsefni í samvinnu við skólafélaga sína og venjist því að ræða við þá um verkefnin
Noti mismunandi hjálpargögn við lausnir verkefna þar sem háar tölur koma fyrir, s.s. smáhluti, kubba, talnagrindur og skýringarmyndir
Skýri lausnarleiðir sínar fyrir öðrum með því að segja frá,
Leysi þrautir þar sem beita þarf útreikningum

Búi til eigin þrautir

Pari saman hluti úr umhverfinu, flokki hluti í hópa og beri saman fjölda í hópunum

Telji hluti eða fólk, t.d. í kennslustofunni

Skoði tölur á talnalínu

Kynnist víxlreglu í samlagningu, t.d. með kubbalengju

Þjálfist í að nota þekkingu sína á tölum við hugarreikning

Námsgögn.

Ljósrituð verkefni frá kennara, Viltu reyna, Sproti 1 bæði nemenda- og verkefnabók,

Vasareiknir 1.

Kennslutilhögun.

Umræður, hóp-, para- og einstaklingsvinna.

Námsmat.

Vinnubækur, vinnusemi, símat.

Skólanámskrá, samfélagsfræði

Markmið að nemendur:

Skilji mikilvægi fjölskyldu, vina og skólafélaga og gildi þess að vera hluti af hópi

Skilji mikilvægi reglna í skólanum og í samskiptum fólks

Þjálfist í að hlýða reglum í leik og starfi í skólanum

Læri á skólabygginguna, skólalóðina og nánasta umhverfi skólans

Þekki nokkur örnefni, kennileiti, sögustaði og sögupersónur í heimabyggð

Læri hver þjóðhátíðardagur Íslendinga er, að við eigum þjóðsöng og höfum forseta, Alþingi

og ríkisstjórn, viti hvað forsetinn heitir og hvar hann býr og að aðrar þjóðir eiga líka

þjóðhátíðardag, þjóðsöng og þjóðhöfðingja

Kynnist nokkrum íslenskum þjóðsögum

Kynnist því að til eru margar þjóðir og mörg tungumál í heiminum

Greini upphaf, miðju og endi í frásögn og geti raðað atburðum í tímaröð

Þekki árstíðirnar, heiti vikudaga og mánaða og mun á degi, viku, mánuði, ári, áratug og öld

Læri að nota dagatal

Fái þjálfun í að flytja mál sitt skýrt og skipulega í heyranda hljóði og að hlusta á aðra

túlki atburði t.d. í leik, myndsköpun, tali, texta, söng og/eða leikrænni tjáningu fyrir

bekkjarfélaga og e.t.v. foreldra

Námsgögn.

Ljósrituð verkefni frá kennara.

Kennslutilhögun.

Umræður, hóp-, para- og einstaklingsvinna.

Námsmat.

Vinnusemi, þátttaka, símat.

Skólanámskrá, náttúrufræði

Markmið að nemendur:

Þekki og vinni með hugtökin hiti, kuldi og frost

Fylgist með breytingum á eiginleikum vatns og velti fyrir sér orsökum, s.s. þegar pollar frjósa og snjór bráðnar

Fylgist með hlutum í daglegu umhverfi sem hreyfast hratt eða hægt

Ræði um af hverju hlutir fara af stað, stöðvast og breyta um stefnu

Ræði um áhrif sólarljóssins á nánasta umhverfi og líkamann

Skoði tungl og stjörnur með berum augum

Ræði eðli og varanleika breytinga í náttúrunni sem eru vegna áhrifa vinda og vatns, áhrifa mannsins og áhrifa náttúruhamfara

Skoði og ræði um afleiðingar árstíðabreytinga í íslenskri náttúru, nánasta umhverfi og heimabyggð

Fjalli um veðurfar út frá eigin upplifunum og hugmyndum, veðurkortum og veðurspám sem birtast í sjónvarpi og blöðum

Ræði um ólík birtingarform vatnsins í náttúrunni, s.s. jökla, ár og læki, rigningu og snjókomu

Gerir sér grein fyrir fjölbreytni í nýtingu vatnsins á heimili og í umhverfinu, s.s. drykkjarvatn, sundlaugar, gosbrunnar, vökvun

Þekki algengustu húsdýrin á Íslandi

Þekki nokkur séreinkenni dýra og plantna út frá athugun og samanburði

Útbúi einfalt ættartré sem sýnir skyldleika fjölskyldu

Þjálfist í að beita heitum og hugtökum yfir sjáanlega líkamshluta

Gerir sér grein fyrir helstu líffærum líkamans og gerir sér grein fyrir hlutverkum þeirra

Ræði um hollustu matar m.a. með tilliti til tannverndar

Ræði hvað verður um matinn sem við borðum

Gerir sér grein fyrir að ýmis efni eru skaðleg líkamanum

Gerir sér grein fyrir að ýmsir sjúkdómar og sníklar eru smitandi en oft eru til ráð til að koma í veg fyrir þá eða lækna

Námsgögn.

Ljósrituð verkefni frá kennara. Komdu og skoðuðu líkamann.

Kennslutilhögun.

Umræður, hóp-, para- og einstaklingsvinna.

Námsmat.

Vinnusemi, þátttaka, símat.

Námshæfni: Íþróttir

Fjöldi kennslustunda á viku: 2

Markmið:

Skynþroski og hreyfiþroski

Stefnt er að því að nemandi:

- leysi af hendi verkefni í æfingum og leikjum sem þroska jafnvægisskyn, sjónskyn, heyrnarskyn, snertiskyn ásamt vöðva- og liðamótaskyni.
- þjálfist í grunnhreyfingum eins og að hlaupa, ganga, skriða, hoppa, stökkva, klifra, hanga, sveifla, kasta, grípa, rekja, rúlla, snerta og velta sér.
- þjálfist í æfingum með ýmis áhöld eins og gjarðir, sippubönd, bolta, bekki og baunapoka.

Líkamsþroski og fagurþroski

Stefnt er að því að nemandi:

- taki þátt í leikjum og leikrænum æfingum sem efla líkamsþol, hraða, viðbragð og kraft.
- iðki íþróttir og leiki á skólalóð.
- fari í gönguferðir og stundi útivist á öllum tímum skólaársins.
- þjálfist í æfingum sem efla liðleika, líkamsreisn og líkamsstöðu.

Félagsþroski, tilfinningaþroski og siðgæðisþroski

Stefnt er að því að nemandi:

- upplifi gleði og ánægju af þátttöku í leikjum og leikrænum æfingum.
- tileinki sér helstu samskiptareglur sem í gildi eru.
- tileinki sér samskiptafærni eins og að hlusta, tjá skoðun sína, bíða og bregðast við.
- þjálfist í ýmsum leikjum, æfingum og dansi sem krefst samvinnu og snertingar.

Vitsmunarþroski

Stefnt er að því að nemandi:

- viti hvað sé að ganga í hreinum og snyrtilegum klæðnaði.
- taki þátt í a.m.k. tveimur gömlum íslenskum leikjum.
- læri að umgangast áhöld og tæki á öruggan hátt.
- læri helstu líkamsheiti eins og höfuð, bolur, brjóst, bak, fótleggir og armar.
- læri helstu magn- og afstöðuhugtök eins og; - fleiri - færri, - lengri - styttri, - hægri – vinstri og undir – yfir.
- læri og tileinki sér skipulagsform eins og röð, lína, hringur og hópur.
- læri að bregðast við fyrirmælum og merkjum kennara eins og flautuhljóði og klappi.

Námsefni/Námsgögn:

Öll þau áhöld sem til eru í íþróttahúsinu.

Kennsluaðferðir:

Bein kennsla, tilsögn og sýnikennsla.

Námsmat:

Þátttaka (mæting) og virkni í tímum (60%) og skráðar mælingar og símat : (40%)

Undir mælingar flokkast; - útihlaup (tímatökur), - færni í mismunandi íþróttagreinum og fleira. Undir símat flokkast: „Íþróttamannsleg framkoma í búningsklefa, við kennara og annað starfsfólk, innan vallar sem og utan hans. Einnig hvernig nemendur mæta tapi og sigrum og sýni hjálpsemi.

Skólanámskrá í sundi 1. bekkur

Fjöldi stunda á viku: 1

Markmið

Skynþroski og hreyfiþroski

Stefnt er að því að nemandi

- leysi af hendi einfaldar æfingar og leiki sem þroska jafnvægisskyn, sjónskyn, heyrnarskyn, snertiskyn ásamt vöðva- og liðamótaskyni.
- þjálfist í grunnhreyfingum í vatni eins og að hlaupa, ganga, hoppa, stökkva, fljóta, busla, blása, kasta, grípa og snerta.

- nái tókum á fjölbreyttum æfingum sem reyna á samspil skynfæra, s.s. öndunaræfingum, inn- og útöndun 10 sinnum, flotæfingum á bringu og baki, með eða án hjálpartækja.
- bringusundsfótatökum við bakka, með eða án hjálpartækja.
- skriðsundsfótatökum við bakka, með eða án hjálpartækja.
- göngu með andlit í kafi, s.s. 2-2,5 m og lengra.
- taki þátt í fjölbreyttum leikjum sem reyna á samspil skynfæra, s.s. kaffleikjum, boltaleikjum, eltingaleikjum,
- þjálfist í æfingum og leikjum með ýmis áhöld, s.s. gjarðir, flár/korkur, dýnur og bolta.

Líkamsþroski og fagurþroski

Stefnt er að því að nemandi

- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla líkamspól, s.s. eltingaleikjum, boðhlaups-eða boðsundsleikjum.
- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla kraft, hraða og viðbragð, s.s. eltingaleikjum, boðhlaupsleikjum og boltaleikjum.
- þjálfist í æfingum í leik sem efla þrek og aðlögun að vatni, s.s. að hlaupa á ýmsan hátt í vatni, að hoppa á fjölbreyttan hátt í vatni, að ýta eða toga féлага í núðlu.
- læri dans- og söngvaleiki sem hægt er að nota í vatni, s.s. 10,20,30 osfrv.
- þjálfist í sköpun og frjálsum hreyfingum í vatni.

Félagsþroski, tilfinningaþroski og siðgæðisþroski

Stefnt er að því að nemandi

- kynnist og tileinki sér helstu samskiptareglur sem í gildi eru.
- kynnist og tileinki sér samskiptafærni eins og að hlusta, tjá skoðun sína, bíða, bregðast við og upplifi gleði og ánægju af því að hreyfa sig í vatni.
- fái í leik verkefni sem krefjast félagslegra samskipta, s.s. að taka tillit til annarra, aðstoða aðra og hvetja aðra til dáða.
- taki þátt í ýmsum snertileikjum.
- öðlist öryggistilfinningu í vatni.

Vitsmunabroski

Stefnt er að því að nemandi

- taki þátt í umræðu um umhirðu líkamans og tileinki sér
- hreinlæti fyrir og eftir sundkennslu
- bað- og umgengnisreglur
- læri helstu magn- og afstöðuhugtök eins og
- fleiri — færri
- lengri — styttri
- hægri — vinstri
- undir — yfir
- læri og tileinki sér skipulagsform eins og röð, línu, hring og hóp.
- læri að bregðast við flautuhljóði eða rödd kennara.
- læri að klæða sig úr og í fót sín og ganga frá þeim eins og reglur segja til um.
- læri að þvo sér og þurrka.
- læri að umgangast sundstað á öruggan hátt.

Námsefni/námsgögn

Öll áhöld sem til eru til sundiðkunnar.

Kennsluaðferðir

Verkleg kennsla, einstaklings-, para- og hópavinna notuð.

Námsmat

Sundstigin sem fylgja hverjum bekk eru notuð til viðmiðunar námsmats ásamt ástundun nemanda.

Námsgrein: Upplýsingataekni

Fjöldi kennslustunda á viku: 1

Markmið

Stefnt er að því að nemendur

temji sér ákveðnar umgengnisreglur gagnvart tölvum og í tölvustofu
geti kveikt á tölvum, skráð sig inn og opnað nokkur algeng forrit
geti gengið rétt frá forritum
geti beitt tölvumús við tölvuvinnslu
hafi lært staðsetningu stafa
geti notað kennsluforrit sem hæfa þessum aldurshópi
geti notað teikniforrit
hafi lært nokkur einföld atriði í ritvinnslu og geti prentað skjal

Kennsluaðferðir

Kennslan fer fram í formi sýnikennslu og nemendur vinna svo einstaklingslega að lausn þeirra verkefna sem lögð eru fyrir. Mikið er lagt upp úr sjálfstæði nemenda og þeir hvattir til að vera óhræddir við að prófa sig áfram.

Námsefni

Ýmis kennsluforrit, s.s Fingrafimi og ritvinnsluforritið Word

Námsmat

Áhugi, þátttaka í tímum, sjálfstæði og vinnubrögð eru metin jafn óðum.

Hönnun og smíða

Markmið

Að nemendur

- þekki öll algengustu verkfærin og þjálfist smá saman í notkun þeirra
- geti notað lím í samsetningar of þekki mismunandi límtegundir
- geti greint notkunarvið verkfæra og unnið með þau á öruggan hátt
- þekki mun á grófum og fínum sandpappír og kunni að nota rétt
- geti greint mismunandi smíðaeefni
- kunni að nota viðarolíu og málingu
- geti leyst einföld verkefni á sjálfstæðan hátt
- geri sér grein fyrir því hvað þarf til vandaðra vinnubragða
- geti nýtt eigin hugmyndir til að skreyta smíðisgripi sína
- geti gengið snýrtilega um verkfæri og áhöld og sópað smíðastofuna
- geti notað viðeigandi persónuhlífar og sitji/standi rétt við vinnu sína
- geti unnið ein að lausn verkefna
- hafi þroskað með sér þolímæði til vandaðrar vinnu

- geri sér grein fyrir hættum í smíðastofunni og þekki umgengnisreglur hennar
- geti flokkað pappír og annan úrgang sem fellur í smíðastofunni

Leiðir:

Nemendur smíða og hanna ýmis einföld verkefni. Lögð áhersla á það að nemendur öðlist færni í notkun verkfæra. Innlögn og sýnikennsla þar sem verkefnið er útskýrt fyrir nemendum. Lögð mikil áhersla á það að innlagnir að verkefnum séu skýrar og auðveldi nemendum vinnuna við verkefnið. Að öðru leyti er kennslan einstaklingskennsla. Lögð er áhersla það að nemendur kynnist smíðastofunni og að nemendur venjist umhverfinu og þeim hættum sem geta leynst í smíðastofunni ef ekki er varlega farið s.s. eggjárn, vélar, raftæki og fl. Lögð er áhersla á frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum. Kennsluverkefni eru verkefni sem kennari leggur fyrir nemendur. Lögð er áhersla á að verkefni séu nytjahlutir

Námsgögn:

Woodwork with kids
Hönnun og smíði í 1. – 4. bekk
Verkefni frá kennara

Námsmat:

Samkvæmt námskrá eru þessir þættir teknir til athugunar: Umgengni og hegðun. Virkni og vinnubrögð nemandans. Lokaafurðir nemandans. – hönnun, útlit, skreyting, verkefnið í heild.